

Forsætisnefnd

Fyrirspurn forseta borgarstjórnar um kostnað við hvern borgarstjórnarfund - leiðrétt umsögn.

Á fundi forsætisnefndar þann 13. september sl., lagði forseti borgarstjórnar fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver hefur verið dæmigerður kostnaður vegna eins borgarstjórnarfundar það sem af er kjörtímabili? Átt er er við kostnað vegna greiðslna til verktaka, s.s. vegna útsendinga, kostnað vegna veitinga, launakostnað vegna yfirvinnu starfsfólks og annar kostnaður sem fellur til vegna eins fundar. Hver má ætla að kostnaður yrði fundum borgarstjórnar ef ákveðið yrði að þeir myndu ekki standa lengur en til kl. 18:00?

Forsætisnefnd óskaði eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs og var hún lögð fram á síðasta fundi forsætisnefndar 28. nóvember sl. ásamt umsögn skrifstofu borgarstjórnar þar sem vitnað var til upplýsinga úr umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs. Samkvæmt upplýsingum frá sviðinu bárust forsætisnefnd fyrir mistök óyfirfarin drög að umsögn og er bætt úr því á fundi nefndarinnar 13. desember.

Varðandi meðalkostnað fyrir hvern fund borgarstjórnar er vísað til leiðréttrar umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og samanstendur kostnaðurinn af veitingum fyrir borgarstjórn, vegna útsendinga á vef Reykjavíkurborgar og í útvarpi og vegna yfirvinnu húsvarða í Ráðhúsi frá kl. 18.00. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu á skrifstofu borgarstjórnar og í skjalaveri ráðhúss en að jafnaði eru tveir til þrír starfsmenn á sérstakri fundavakt eftir að dagvinnutíma lýkur og er sú viðvera hluti af þeirra starfsskyldum.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar